



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við afhjúpun listaverksins
„Fyrsta hvíta móðirin í Ameríku“
á Laugabrekku undir Jökli
25. júní 2000**

Ágætu Vestlendingar
Heiðruður hátíðargestir

Guðríður Þorbjarnardóttir var á sinni tíð víðförulusta kona veraldar, sannarlega jafnoki þeirra vösku karla sem sigldu glæsilegum og hraðskreiðum skipum og könnuðu alla Norðurálfu, frá stórárn Rússlands til Furðustranda hins nýja heims í vestri. Guðríður fæddist hér á Vesturlandi, giftist á Grænlandi, ól son í Norður-Ameríku, sigldi til Noregs, gekk suður til Rómar, fékk aflausn synna sinna, og endaði ævina sem heittrúuð nunna og einsetukona í Skagafirði.

Þessi einstæða lífsganga Guðríðar spannaði alla hina þekktu veröld norrænna manna. Hún var sjálfstæð kona og sinnar eigin gæfu smiður sem af hógværð tóku sér sess með hinum stóru kvenhetjum mannkynssögunnar.

Ég hef fundið á ferðum mínum erlendis undanfarin ár, að saga Guðríðar kveikir jafnvel enn meiri áhuga og forvitni en lífshlaup og afrek Leifs heppna, nágranna hennar í æsku og síðar mágs. Leifur skipar sér í fjölmenna sveit karla sem komist hafa á spjöld sögunnar fyrir landaleit og könnun óþekktra svæða; Guðríður er að líkindum fremst þeirra kvenna í veröldinni allri sem unnið hafa afrek við landkönnun og eina manneskjan í hálfu árþúsund sem sannanlega heimsótti bæði Róm og Ameríku.

Lífshlaup Guðríðar Þorbjarnardóttur var einstætt, ferðir hennar um veröldina vitnisburður um sjálfstæði og forvitni, ótrauðan vilja til að kanna ókunna stigu. Hún var kristin kona, hófstíllt og hógvær í allri breytni. Guðríður er í sögunum böðuð björtu ljósi kristinna dyggða,

leiðangur hennar í hinn nýja heim, Paradísina í vestrinu, var heillaför og hún varð ættmóðir þriggja nafnkunnra biskupa á Íslandi.

Sá glæsilegi minnisvarði sem við höfum nú afhjúpað er gleðilegur vitnisburður um vilja til að helga völlu og heimaslóðir minningu genginna afreksmanna. Hann er líka merki um nýja tíma í ferðaiðnaði, vilja til að leggja aukna áherslu á fræðslu um menningu fortíðar og samtíðar í þjónustu við það fólk sem hingað kemur. Ekki langt undan er unnið að uppbyggingu á fæðingarbæ Leifs heppna í Haukadal. Æskilegt væri að þessir fornu leikfélagar og venslafólk mættu tengjast nýjum böndum í samstilltu átaki byggðanna laða hingað ferðafólk sem áhuga hefur á þeirri merku sögu sem þau Leifur og Guðríður eru merkisberar fyrir.

Á þúsund ára hátíð landafunda í vestri er við hæfi að helga Guðríði Þorbjarnardóttur minnisvarða í fæðingarhéraði hennar, sýna að Íslendingar virða enn og um allan aldur konuna sem svo sannarlega er merkisnafn í heimssögunni, fremsti kvenlandkönnuður allra tíma.

Ég færi ykkur heimamönnum einlægur þakkir íslenskrar þjódar fyrir ykkar framtak og vona að sem flestir muni í framtíðinni leggja leið sína á þessar merku sögulóðir.

Til hamingju með gott verk.